



STARFSÁÆTLUN FRÍSTUNDAR SALASKÓLA

2022-2023

Auðbjörg Sigurðardóttir
Forstöðukona

Kolbrún Grétarsdóttir
Aðstoðarforstöðukona

Efnisyfirlit

Hagnýtar upplýsingar	2
Gjaldskrá og innheimta	2
Starfið í vetur – Frístund.....	3
Hópastarf sem er í boði	5
Hópastarf sem kennarar sjá um	6
Hressing	6
Samstarf við íþróttafélög.....	6
Skólabragur.....	6
Ef grunur vaknar um einelti.....	6
Barnaráð	7
Foreldrasamstarf	7
Öryggi og verkferlar.....	7
Fyrirkomulag inn- og útskráningar barna	7
Barn mætir ekki	7
Barn týnist	7
Á ferð með börnin	8
Að fara í íþróttarútu	8
Alvarleg slys	8
Smávægilegir áverkar	8
Rýmingaráætlun	8
Innra mat	8
Símenntunaráætlun	9
Starfsfólk í frístund	9

Hagnýtar upplýsingar

Forstöðukona Frístundar Salaskóla er Auðbjörg Sigurðardóttir. Frístundin er fyrir börn í 1.-4. bekk. Sími Frístundar er 441-3200. Símatími er alla virka daga milli kl. 12:00 og 13:00 en eftir þann tíma er bara hægt að ná í okkur í gegnum netfang. Ef nauðsyn krefur er hægt að koma skilaboðum í gegnum skólaritara. Netfang Frístundar er fristund@salakoli.is og æskilegt er að öll skilaboð séu komin fyrir kl 12:00 viðkomandi dag.

Allar umsóknir í Frístund þurfa að berast í gegnum þjónustugátt Kópavogs.

<https://ibuagatt.kopavogur.is/login.aspx?ReturnUrl=%2fdefault.aspx>.

Í Frístund Salaskóla eru skráðir 233 þátttakendur skólaárið 2022-2023 sem skiptast eftir árgöngum á eftirfarandi hátt:

1. bekkur: 69
2. bekkur: 84
3. bekkur: 72
4. bekkur: 8

Frístund er opin frá 13:30-17:00 alla virka daga. Frístund hefur tvo skipulagsdaga á skólaárinu og þeir eru 7. október 2022 og 15. mars 2023. Þá daga er lokað hjá okkur. Þegar skólinn er með vetrarfrí þá er lokað í Frístund. Þegar skólinn er með skipulagsdaga og foreldraviðtöl þá er opið í Frístund frá kl 8:00-17:00. Skrá þarf sérstaklega á þessa daga með því að fara í gegnum þjónustugátt og skrá í Völu. Einungis er tekið á móti skráðum börnum þessa daga.

21. og 22. desember er opið í Frístund Salaskóla frá 8:00-16:00.

27.-30. des er opið í Frístund frá 8:00-16:00 að því gefnu að lágmarkspátttaka náist.

3. apríl – 5. apríl í Dymbilvikunni er opið í Frístund frá 8:00-16:00.

Frístundaheimili eru lokað á Þorláksmessu, aðfangadag og gamlársgang.

Lágmarksfjöldi skráðra barna í jóla- og páskaopnun er 8 börn. Skrá þarf börnin og greiða sérstaklega fyrir þessa daga og ekki er tekið á móti börnum séu þau ekki skráð fyrirfram.

Forföll eru tilkynnt til skólaritara eða í gegnum Mentor. Öll önnur forföll eða frávik þarf að tilkynna til Frístundar.

Gjaldskrá og innheimta

Gjaldskrá má sjá á viðkomandi hlekk <https://www.kopavogur.is/is/gjaldskra>

Innheimta dvalar- og matargjalda fyrir frístund og fæðisgjald fyrir hádegismat fer fram hjá innheimtudeild Kópavogsbæjar. Innheimta fer fram samkvæmt innheimtuleglum

Kópavogsbæjar. Skóli kemur óformlega að innheimtu eins og hér segir og sér um að segja upp vist/áskrift ef ekki er gengið frá greiðslu eftir ákveðinn tíma.

- **1. hvers mánaðar** er gjalddagi. Gjöld í frístund eru innheimt fyrirfram.
- **10. hvers mánaðar** er eindagi.
- **12. hvers mánaðar** sendir innheimtudeild út stöðu vanskila. Skal skóli veita óformlega áminningu hafi skuld ekki verið greidd (t.d. símtal eða tölvupóstur) áður en formlegt ferli af hálfu bæjarins fer af stað.
- **20. hvers mánaðar** hefst formlegt ferli af hálfu bæjarins, þá er send áminning frá bankanum til þeirra sem ekki hafa greitt.
- **10. næsta mánaðar** fer krafa í milliinnheimtu til Inkasso hafi skuld ekki verið greidd og er þá úr höndum bæjarins. Sjá nánar ferli mála í milliinnheimtu og löginheimtu í innheimtureglum Kópavogsbæjar.
- Ef skuld hefur ekki verið greidd **að tveimur mánuðum liðnum** skal skólinn segja vist barns/mataráskrift upp frá og með næstu mánaðarmótum þar á eftir.

Starfið í vetur – Frístund

Við byggjum Frístund upp á fjölbreytileika og að allir fái verkefni við sitt hæfi. Yfir skólaárið er Frístundin þrískipt

Haustdagskrá er frá skóla byrjun til 1. október. Yfir veturinn erum við með öflugt hópastarf.

Vetrardagskrá 1.október til 1.maí. Vetrardagskráin byggist upp á hópastarfi. Skipt er í hópa eftir árgöngum. Á þessu tímabili er skipulögð dagskrá til 15:30 alla daga. Kaffið er frá kl 13:30-14:00 alla daga.

Vordagskrá er frá 1.maí og til skólaloka. Þá er lögð áhersla á hreyfingu og útiveru. Það er mikið farið í hjóla- og göngutúra um hverfið okkar og næsta nágrenni ásamt strætóferðum á söfn og skemmtileg svæði til að leika á. Einnig er þá mikið um skipulagða leiki á skólalóð og nágrannaskólar okkar heimsóttir hvort sem er um fótboltakeppni að ræða eða að skoða og leika í öðrum skólum.

Í miðju rými Frístundar er tafla sem sýnir myndrænt skipulag dagsins hjá öllum hópum.

Hér á næstu síðu er sýnishorn af dagskrá í 1.bekk. Við leggjum mikið upp úr því að hafa allt myndrænt svo allir skilja dagskránna.

Haustdagskrá í Dægró

1.bekkur



Mánudagur
29.ágúst

Þriðjudagur
30. ágúst

Miðvikudagur
31.ágúst

Fimmtudagur
1.sept

Föstudagur
2.sept

Ærslabellur 	Frjáls leikur í Dægró 	Vatnsrenni- braut 	Úti mót 	Diskó í sal 
--	---	---	---	--


Mánudagur
5.sept

Þriðjudagur
6.sept

Miðvikudagur
7. sept

Fimmtudagur
8. sept

Föstudagur
9. sept

Frjáls leikur í Dægró 	Hvammsvöllur 	Föndur 	Fjölgreindar stöðvar 	Úti dótadagur 
---	---	---	--	--

Mánudagur
12. Sept

Þriðjudagur
13. Sept

Miðvikudagur
14.sept

Fimmtudagur
15.sept

Föstudagur
16.sept

Föndur 	Hlaupa- hjóladaur 	Frjáls leikur í Dægró 	Vatnsbyssustríð 	DÆGRÓ 
---	---	---	---	--


Mánudagur
19.sept

Þriðjudagur
20.sept

Miðvikudagur
21.sept

Fimmtudagur
22.sept

Föstudagur
23.sept

Inniskotbolti 	Frjáls leikur í Dægró 	Skutlugerð 	Inni stöðvar 	Karaoke 
--	---	---	--	--



Hópastarf sem er í boði

Föndur: Erum með nokkur verkefni í gangi í einu. Skiptum öllu föndri út á ca. 2ja vikna fresti.

iPad tímar: Kennari sem sér um tölvuumsjón er búinn að búa til svæði fyrir okkur. Þar er mikið af þroska- og námsleikjum sem þau geta farið í. Einungis má vera á þessu svæði þegar verið er í iPad í Frístund.

Bókasafn: Það er róleg og notaleg stund. Þar er hægt að skoða bækur, mikið af spilum og svo er hægt að lita og teikna.

Danssmiðja: Þar er verið að semja dansa sem og kenna dansa af ýmsum toga

Salurinn: Þar er verið að fara í stærri hreyfileiki.

Spilahópur: Þar er farið í borðspil af öllum gerðum. Þar er líka hægt að fara í golf og pútta sem og æfa sig í innikeilu.

Legóhópur: Þar er verið að byggja og skapa af miklum móð.

Hópastarf sem kennarar sjá um

Gerpla: Tvisvar í viku erum við með tíma úti í Gerplu. Það eru tveir þjálfarar frá Gerplu sem sjá um að byggja upp tímann. Hreyfing í leik er það sem gengið er út frá.

Skák: Skákkennari sér um öflugt skákstarf. Þar er bæði farið í undirstöðuatriði og ásamt því að tefla. Mikið er um skákmót.

Við erum með FB síðu þar sem við erum dugleg að setja inn myndir frá starfinu.

Hressing

Þegar skóla lýkur kl 13:30 byrja öll börn á að fara inn í matsal og fá sér hressingu. Þar er í boði brauð og álegg. Jógúrt suma daga. Hrökkbrauð og hafrakex. Við erum reglulega með skonsur og flatkökur. Ristað brauð er vinsælt og stundum erum við með grillaðar samlokur. Inni á miðju í Frístund er alltaf eitthvað í boði líka. Þar er alltaf skál með ávöxtum og grænmeti.

Samstarf við íþróttafélög

Það er stórt skref að fara á æfingar og geta séð um sig sjálfur. Foreldrar þurfa að hugsa vel út í þessi mál. Okkar ábyrgð á barninu nær ekki út fyrir skólalóðina.

Tómstundarvagninn fer í öll íþróttahús. Blái bíll, græni bíll og rauði bíll

Við erum líka í samstarfi við Gerplu og sendum börn á æfingar þar.

Það er einnig samstarf um að senda börn sem æfa sund hjá Breiðabliki á æfingar þar.

Skólabragur

Við leggjum mikið upp úr að öll samskipti gangi vel. Það eiga allir að fá að njóta sín. Við höfum verið að gera verkefni sem efla og styrkja hópinn sem þau eru í sem heild. Við höfum verið með verkefni þar sem við erum að fjalla um vináttuna. Hvernig vinir við viljum vera og hvað gerir okkur að góðum vini. Þau fara svo út með myndavél og mynda vináttu. Við höfum fjallað um einelti og gert eineltismyndbönd.

Ef grunur vaknar um einelti

Ef grunur vaknar um einelti þá fylgjumst við vel með þeim samskiptum. Haft er samband við foreldra og námsráðgjafi er settur í málið. Unnið er samkvæmt eineltisáætlun Salaskóla.

Barnaráð

Barnaráð er starfandi í Frístundinni. Þar er verið að vinna með barnalýðræði í sem víðustum skilningi. Tíu barna hópur þvert á alla hópa hittist einu sinni í viku og farið er yfir starf Frístundarinnar. Hvað er skemmtilegt að gera og hverju vilja þau breyta og bæta. Allir sem eru í Frístund fara einhvern tíma í barnaráð. Við starfólkið rýnum svo í punktana sem koma og reynum að uppfylla þær óskir sem eru raunhæfar.

Foreldrasamstarf

Við leggjum mikið upp úr að foreldrasamstarf sé gott. Sendir eru út vikulegir tölvupóstar til foreldra með upplýsingum úr starfinu og um það sem er á döfinni. Við viljum að bilið á milli foreldra og Frístundar sé sem minnst. Öllum póstum og skilaboðum sem berast er svarað samdægurs. Við erum með lokaða facebook-síðu þar sem við erum dugleg að setja inn myndir frá starfinu.

Öryggi og verkferlar

Fyrirkomulag inn- og útskráningar barna

Í upphafi dags er farið yfir þau börn sem eru fjarverandi á mentor. Þegar börn koma í Frístundina eru þau skráð inn í skráningarkerfið Völu, í iPad. Þegar barn fer þá er það skráð út með sama hætti.

Barn mætir ekki

Ef barn sem á að vera í Frístund skráir sig ekki inn er byrjað á að hafa samband við kennara og athuga hvort það komi einhverjar upplýsingar þar fram sem geta útskýrt þetta. Byrjað er að leita í skóla og á skólalóð. Haft er samband við foreldra.

Barn týnist

Þegar barnið týnist er hafin leit og gengið úr skugga um hvort barnið sé ennþá í skólabyggingunni eða á skólalóð. Starfsfólk frístundar skiptir liði við leitina.

Ef leitin ber engan árangur er hringt í foreldra barnsins og athugað hvort barnið hafi farið heim, til fjölskyldumeðlims eða til vinar. Ef það skilar ekki árangri er hringt í lögreglu í samráði við foreldra.

Á ferð með börnin

Þegar farið er í ferðir er skrifaður nafnalisti og fjöldi barna sem fara í ferðina skráður. Það er gengið í röð og starfmenn dreifa sér jafnt á hópinn. Ef um strætóferð er að ræða eru aldrei fleiri en 28 börn í hóp.

Að fara í íþróttarútu

Þeir foreldrar sem notfæra sér tómstundarvagninn láta okkur vita (allt skráð í Völu) í hvaða rútu barnið á að fara. Við þöllum að barnið fari á réttum tíma í rétta rútu. Starfmaður í rúttunni tekur svo við þeim þegar í rúttuna er komið.

Alvarleg slys

Gera þarf að sárum með búnaði um sjúkrakassa og ef þurfa þykir veita fyrstu hjálp. Ef um alvarlegt slys er að ræða er hringt á 112 og haft samband við foreldra.

Smávægilegir áverkar

Ef smávægilegir áverkar- lítil sár og þess háttar kemur upp, þá eru þau hreinsuð og settar viðeigandi umbúðir. Ef um höfuðhögg og tannáverka er að ræða er alltaf haft samband strax við foreldra.

Rýmingaráætlun

Ef viðvörunarkerfi skólans fer í gang fylgja börn í frístund sömu rýmingarreglum og í skólanum. Frístundin og þeir hópar sem eru í stofum skólans eru rýmdar og hópurinn fer á viðeigandi stað á skólalóðinni þar sem tekið er manntal og gengið úr skugga um að enginn hafi orðið eftir inni.

Innra mat

Frístundin er með fundi alla virka daga með frístundaleiðbeinendum sem starfa í Frístundinni. Þar er farið yfir daginn og skipulagið í heild sinni. Þar er góður vettvangur til að fara yfir þau mál sem betur mega fara og efla góða hluti líka.

Stjórnendur halda morgunkaffi með hverjum árgangi fyrir sig. Þar er forstöðukona Frístundar og fer hún yfir skipulag starfsins. Þarna er góður vettvangur fyrir forelda að koma með athugasemdir og spurningar. Á meðan morgunkaffinu stendur koma foreldrar með skriflegar athugasemdir. Við fáum svo niðurstöður úr þessu og er það gott tækifæri að breyta því sem fólk er ekki ánægt með.

Stjórnendur senda líka út foreldrakönnun. Þar fær Frístundin líka niðurstöður um innra starf hennar.

Símenntunaráætlun

Þeir sem starfa í Frístundinni eru sendir á skyndihjálparnámskeið ár hvert. Skólinn hefur svo sett upp námskeið þar sem farið er yfir starf með börnum með sérþarfir eða frávik í þroska.

Starfsfólk í frístund

Listi yfir starfsfólk og starfsheiti í frístund

Auðbjörg Sigurðardóttir Forstöðukona
Kolbrún Grétarsdóttir Aðstoðarforstöðukona
Einar Karelsson Þjálfari í Gerplu

Eftirmiðdagshressing

Ewa Amelia

Aðrir starfsmenn í Dægradvöl

Antonía Eir Skúladóttir
Baldvin Þór Hannesson
Gísli Freyr Stefánsson
Kistrún Sveinbjörnsdóttir
Óskar Hákonarson
Stefanía Sigurðardóttir
Tinna Sigmarsdóttir
Þórður Gunnar Hafþórsson



